

Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2014 – 2015

Helstu atriði í starfi Samtaka Heilsuleikskóla starfsárið 2014 – 2015.

Tíundi aðalfundur Samtaka Heilsuleikskóla var haldinn í Fífunni í sal Breiðabliks í Kópavogi 24. mars 2014. Elsa María Thompson leikskólastóri í Heilsuleikskólanum Laufási á Þingeyri var fundastjóri. Í dag sér leikskólinn Kór um ellefta aðalfund Samtaka Heilsuleikskóla. Á dagskrá aðalfundar 2014 voru hefðbundin aðalfundarstörf og kosning stjórnar. Þetta var þriðji aðalfundur Samtaka Heilsuleikskóla eftir andlát Unnar Stefánsdóttur formanns Samtaka Heilsuleikskóla og frumkvöðuls Heilsustefnunnar. Þessi fundur hér í dag er því fjórði aðalfundur Samtaka Heilsuleikskóla sem haldinn er án Unnar. Blessuð sé minning hennar.

Við þökkum Unni Stefánsdóttur frábæra Heilsustefnu sem hún eftirlét Heilsuleikskólum á Íslandi.

Stjórn Samtaka Heilsuleikskóla starfsárið 2014 – 2015.

Kristín Eiríksdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Árbæ á Selfossi er formaður Samtaka Heilsuleikskóla.

Berglind Grétarsdóttir leikskólastjóri í Ungbarnaheilsuleikskólanum Ársól í Reykjavík er varaformaður Samtaka Heilsuleikskóla.

Kristín Sigurbergisdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Bæjarbóli í Garðarbæ er gjaldkeri Samtaka Heilsuleikskóla.

Ólöf Guðmundsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Heiðarseli Reykjanesbæ er ritari Samtaka Heilsuleikskóla.

Sigrún Hulda Jónsdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Urðarhól í Kópavogi er í meðstjórn Samtaka Heilsuleikskóla. Sigrún Hulda starfaði með Unni Stefánsdóttur frumkvöðli og höfundi Heilsustefnunnar frá upphafi. Sigrún Hulda er meðstjórnandi í stjórn Samtaka Heilsuleikskóla og ómetanlegur viskubrunnur um Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur.

M. Sigríður Jakobsdóttir leikskólastjóri í sameinuðum Heilsuleikskólum, Brimveri á Eyrarbakka og Æskukoti á Stokkseyri er varamaður í stjórn Samtaka Heilsuleikskóla.

Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2014 – 2015

Tíundi aðalfundur samtak Heilsuleikskóla er haldinn hér í sal í íþróttarhúsinu Kór (Kórinn) í Kópavogi, í byrjun sumars, föstudaginn 5. júní 2015.

Á síðasta aðalfundi Samtaka Heilsuleikskóla voru gerðar lagabreytingar á lögum Samtaka Heilsuleikskóla. Lagabreyting var gerð á 7. gr. Þessar breytingar voru þær að aðalfundur samtaka Heilsuleikskóla skuli haldinn fyrir 15. júní ár hvert. Áður hafði staðið í lögum félagsins að aðalfundinn skuli halda fyrir 1. apríl ár hvert. Þessi breyting skapar aukið svigrúm fyrir dagsetningu aðalfundar. En eins og við þekkjum sem stjórnun leikskólum eru vormánuðirnir oft annasamir í leikskólum og veðrið er oftast en ekki óútreiknanlegt. Þannig að erfitt er að ferðast um landið.

Stjórn Samtaka Heilsuleikskóla hafði áður ákveðið að halda aðalfundi Samtakanna í Kópavogi af hagkvæmisástæðum. En kannski skapar þessi lagabreyting möguleika á því að fara vítt um landið með aðalfund Samtaka Heilsuleikskóla, eins og hugmyndin um staðsetningu aðalfunda Samtakanna var í upphafi. Í upphafi var hugmyndin sú að Heilsuleikskólarnir skiptust á um að halda aðalfundi eftir þeirri röð sem að þeir komu inn í Samtök Heilsuleikskóla. Þannig fyrirkomulag er jafnframt í anda Unnar Stefánsdóttur sem fór um landið og vitjaði Heilsuleikskólanna.

Þá er hægt að sækja um styrk í Vísindasjóð FL og FSL ef á aðalfundi samtakanna er fræðsluerindi. Þannig getum við haldið uppi fyrri háttum, að halda aðalfundinn í heimahéraði Heilsuleikskólanna. Við þurfum því hér á eftir að dagsetja næsta aðalfund Samtaka Heilsuleikskóla og ræða staðsetningu. Samkvæmt mínum bókum er komið að Heilsuleikskólanum Bæjarbóli í Garðabæ, Hjá Kristínu Sigurbergsdóttur að hýsa aðalfund Samtaka Heilsuleikskóla 2016.

Önnur lagabreyting var gerð á síðasta aðalfundi samtakanna en hún varðar Heilsubók barnsins og er vert að rifja hana upp hér. Þegar leikskólar sækja um að verða leikskólar á Heilsubraut þurfa þeir að greiða fyrir afnot af Heilsubók barnsins. Um það er fjallað í 4. gr. laga Samtaka Heilsuleikskóla. Þetta er grein um Aðild, um hverjir mega eiga aðild að samtökum Heilsuleikskóla. Þá var ákveðið gjald fyrir Heilsubókina og árgjald til Samtaka heilsuleikskóla. Stjórn samtaka Heilsuleikskóla leggur til að gjald fyrir leikskóla á Heilsubraut verði kr. 40.000.- með því gjaldi er verið að taka fyrir rafrænan aðgang að Heilsubók barnsins.

Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2014 – 2015

Heilsubók barnsins er send rafrænt til leikskólans og Heilsubók ungra barna ásamt handbók kennara. Einnig er verið að taka þar gjald fyrir fána Samtaka Heilsuleikskóla, fána Heilsustefnunnar sem leikskólinn fær að lokum þegar hann hefur innleitt Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Hin nýi Heilsuleikskóli fær þá fána Heilsustefnunnar og viðurkenningarskjal þar að lútandi frá stjórn Samtaka Heilsuleikskóla. Á skjalinu stendur hvenær leikskólinn hlaut viðurkenningu sem Heilsuleikskóli sem starfar eftir stefnu Unnar Stefánsdóttur. Einnig stendur þar að í leikskólanum er starfað eftir Viðmiðum Heilsustefnunnar þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi. Jafnframt stendur þar að leikskólinn muni leggja sig fram um að kynna Heilsustefnuna í samfélaginu. Að lokum eru slagorðin: „Heilbrigð sál í hraustum líkama“ rituð á skjalið.

Á aðalfundinum 2014 var ákveðið að árgjald Heilsuleikskóla til Samtaka Heilsuleikskóla er fimm þúsund krónur fyrir leikskóla með 50 börnum eða færri, tíu þúsund krónur fyrir leikskóla með börnum frá 50 að 100 og fimmtán þúsund krónur fyrir leikskóla með 100 börn að 150 og tuttugu þúsund krónur fyrir leikskóla sem hýsa 150 börn eða fleiri. Þetta er algjört lámarksgjald til þess að reka Samtök Heilsuleikskóla, en hugmyndin var aldrei sú að þessi samtök söfnuðu peningum heldur væru til þess að halda hópnum saman og stuðla að þróun Heilsustefnunar, þróun sem kæmi frá grasrótinni, ykkur og fólkinu sem með ykkur starfar. Til upplýsinga þá kostar fáni Heilsustefnunnar kr. 7.000.

Samtök heilsuleikskóla eru fyrst og fremst fagleg og til stuðnings fyrir leikskóla sem vinna eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Samtökin halda utan um þróun á Heilsubók barnsins. Þar sem Heilsubók barnsins er matstæki sem sýnir hvar barnið er statt í þroska og hvernig barninu gengur og líður í leikskólanum. Jafnframt sýnir skráning í Heilsubók barnsins hvort Heilsustefnan nái til allra barna í Heilsuleikskólanum. Heilsubókin er ekki próf heldur skimun í daglegu starfi, þar sem að verið er að kortleggja og skoða framför og stöðu barnsins, miðað við það sjálft. Samtök Heilsuleikskóla eiga einkarétt á Heilsubókinni. Óheimilt er að dreifa eða fjölrita Heilsubók barnsins. Eingöngu þeir leikskóla sem eru á Heilsubraut eða hafa fengið viðurkenningu sem Heilsuleikskólar sem starfa eftir stefnu Unnar Stefánsdóttur hafa leyfi til þess að nota Heilsubókina.

Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2014 – 2015

Tilgangur samtakanna er einnig að stuðla að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu, gæta hagsmuna Heilsuleikskóla, efla samheldni þeirra og skapa vettvang til fræðslu og skoðanaskipta.

Fyrsta verkefni Samtakanna var að endurskoða Viðmið Heilsuleikskóla sem voru samþykkt á fyrsta aðalfundi samtakanna fyrir ellefu árum. Á árinu 2008 var hafin endurskoðun á Heilsubók barnsins og Viðmiða fyrir heilsuleikskóla ásamt því að undirbúa Heilsubrautina, sem er sú leið sem skólar fara sem eru að undirbúa og innleiða Heilsustefnuna. Endurskoðuð Viðmið og endurskoðuð Heilsubók barnsins voru samþykkt á aðalfundi í Reykjanesbæ í mars 2010 og kynnt formlega á fimm ára afmæli Samtakanna þann 4. nóvember 2010. Heilsubók fyrir börn undir tveggja ára aldri, Ungbarnaheilsubókin, var tekin í notkun 2011. Í tilefni af fæðingardegi Unnar Stefánsdóttur 18. janúar var ritið; Áherslupættir Heilsustefnunnar gert opinbert á heimasíðu Heilsustefnunnar, föstudaginn 17. janúar 2014 í Urðarhóli. Það eru Samtök Heilsuleikskóla sem gefa út ritið. Markmið þessa rits er að ná fram sameiginlegri sýn á áhersluatriði Heilsuleikskóla. Kennarar og foreldrar fara saman yfir Áherslupættina sem varpa ljósi á hvernig hægt er að gera umhverfið hvetjandi fyrir börnin til að auka færni þeirra og þroska.

Ábending: Heilsubók barnsins mega einungis þeir leikskólar nota sem hafa fengið viðurkenningu sem Heilsuleikskólar og leikskólar á Heilsubraut, enda hafi þeir greitt afnotagjald fyrir Heilsubók barnsins. Heilsubók barnsins er aðalsmerki Heilsuleikskólanna og við verðum að vernda aðalsmerkið okkar. Það er bannað að dreifa henni. Einungis stjórn Samtaka Heilsuleikskóla hefur leyfi til þess að dreifa Heilsubókinni. Hins vegar ber Heilsuleikskólum að kynna hana fyrir foreldrum og því samfélagi sem leikskólinn er í og kynna þannig sérstöðu Heilsuleikskólanna sem starfa eftir stefnu Unnar Stefánsdóttur.

Vinnufundur 2. Júní 2014 haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka.

Stjórn Samtaka Heilsuleikskóla blés til vinnufundar 2. júní 2014 í Rauða húsinu á Eyrarbakka. Til þess að hefja vinnu á gátlistum fyrir Heilsuleikskóla. Gátlistunum er ætlað það hlutverk að vera nokkurskonar verkfæri fyrir Heilsuleikskóla – leikskólastjóra til þess að athuga hvort Heilsuleikskólar eru að vinna samkvæmt Áherslum Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Við getum tekið sem dæmi að á skipulagsdegi/starfsdegi/starfsmannafundi/deildarfundum

Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2014 – 2015

deildarstjórafundum og þegar unnin er úrbótaáætlun, þá meti starfsfólk starfið í leikskólanum samkvæmt þessum gátlistum. Jafnframt því geta gátlistarnir verið verkfæri sem leikskólastjóri notar til þess að halda starfinu í Heilsuleikskólanum innan Viðmiða Heilsustefnunnar. Ákveðið var á vinnufundinum að hafa gátlistana þannig að einfalt væri að svara þeim, að svarið verði annað hvort já eða nei, eða þarf að þróa - lagfæra.

Gátlistinn gefur eða skapar tilefni til umræðna eins og þær: Hvort súkkulaðikökur og annað sætabrauð sé haft í Heilsuleikskóla, ásamt umræðu um saltmagn í matnum í Heilsuleikskólanum, hvert trefja innihald brauðanna á að vera. Umræða um það hvort leiknum sé gefinn nógur tími eða hvort áhersla sé lögð á að efla lífsleikni barna. Einnig eiga þeir að skoða hvort; listsköpun, tónlist og hreyfingu sé gert nógu hátt undir höfði, hvort stuðlað sé að lýðræði í leikskólastarfinu og hvort komi sé fram við börnin af virðingu.

Umræður hafa verið um það í stjórn Samtaka Heilsuleikskóla að gera þurfi viðmiðunar Matseðla fyrir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur, þessir matseðlar væru þá inni á Heimasíðu Heilsustefnunnar opnir fyrir öllum. Það gæti auðveldað okkur sem eru úti á akrinum vinnuna. Ingunn Ríkhardsdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Garðaseli á Akranesi og einn af frumherjunum í Samtökum Heilsuleikskóla, hefur bent á að Skólar ehf hafa verið tilnefndir til verðlauna fyrir matseðla sína. Ingunn bendir á að kannski er hægt að semja við Skóla ehf um kaup á matseðlunum eða aðgang að þeim áður en farið er í þannig vinnu fyrir Samtök Heilsuleikskóla.

Heimsókn til fjölskyldu Unnar Stefánsdóttur og fundur með Ingibjörgu Guðmundsdóttur hjá Embætti landlæknis

Mánudaginn 13. apríl sl. klukkan 15:00 fórum við Sigrún Hulda í kaffi á Kársnesbraut 99 í Kópavogi þar sem Unnur Stefánsdóttir bjó. Tilgangur heimsóknarinnar var að afhenda fjölskyldu Unnar, nýjan fána Heilsustefnunnar. Fánin er ílangur með nafni Unnar Stefánsdóttur frumkvöðuls og höfundar Heilsustefnunnar ásamt upphafsári Heilsustefnunnar sem er 1996. En þá fékk Leikskólinn Urðarhóll í Kópavogi viðurkenningu sem Heilsuleikskóli sem starfar eftir stefnu Unnar Stefánsdóttur.

Þegar rætt er um Heilsustefnuna eða vitnað í hana er mikilvægt að geta frumheimilda. Með því að hafa þessar grunnupplýsingar ásamt merki Heilsustefnunnar á fánanum er ólíklegra að

Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2014 – 2015

stefnunni sé ruglað saman við aðrar stefnur sem koma á eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur.

Hákon Sigurgrímsson og Grímur Hákonarson, sonur hans tóku á móti okkur Sgrúnu og þökkðu vel fyrir nýja fánan. Í heimsókninni fóru fram heitar umræður um Heilsustefnuna. Einnig ræddum við mikilvægi þess að varðveita gögn um Heilsustefnuna þannig að fræðimenn og aðrir sem þess óska geti leitað sér upplýsinga um Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur, hvernig hún varð til og hvernig hún hefur þróast áfram. Jafnframt ræddum við um varðveislu gagna sem Unnur Stefánsdóttir átti og vörðuðu Heilsustefnuna.

Við ræddum um skilgreiningu og hlutverk Samtaka heilsuleikskóla og mikilvægi þess að fjölskylda Unnar Stefánsdóttur, eiganda Heilsustefnunnar væri haldið upplýstum um málefni sem varðar Heilsustefnunar. Við ræddum framtíðarsýn og væntingar. Hákon Sigurgrímsson veitti okkur Sigrúnu Huldu fulla heimild til þess að vera talsmenn stefnunnar og við ræddum um mikilvægi þess að á heimasíðu Heilsustefnunnar væri skýrt og upplýsandi efni um Heilsustefnuna.

Við ræddum um verkefni Embætti landlæknis um verkefnið Heilsueflandi leikskólar og hver gæti hugsanlega verið snertiflötur þess við Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur.

Ákveðið var að við Sigrún Hulda bæðum um fund við/hjá Embætti landlæknis til þess að ræða hvort og hver hugsanlegur snertiflötur Heilsustefnunar og Heilsueflandi leikskóla er. Í framhaldi af heimsókninni fórum við Sigrún Hulda til fundar við Ingibjörgu Guðmundsdóttur verkefnisstjóra hjá Embætti landlæknis miðvikudaginn 13. maí sl. klukkan 13:00. Þar var okkur vel tekið. Sigrún og Ingibjörg ræddu um fyrra samstarf þessara aðila sem endaði nokkuð skyndilega. Við ákváðum að við gætum byrjað með hreint borð og ræddum um hver snertiflötur þessar tveggja aðila væri. Þ.e. Heilsueflandi leikskóla og Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur.

Við Sigrún Hulda teljum að Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur sé ein leið til þess að vinna með heilsueflingu innan leikskóla. Alltaf þarf að gæta þess að það sé unnið í nafni Unnar Stefánsdóttur ef unnið er eftir Heilsustefnunni og Heilsubók barnsins er notuð. Ingibjörg Guðmundsdóttir verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis tók erindi okkur vel og sagði að hún myndi leggja þessa niðurstöðu okkar fyrir verkefnahópinn.

Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2014 – 2015

Stjórnarfundir á starfsárinu 2014 – 2015

Stjórnarfundir á árinu voru fjórir. Stjórnin notaði E-mail og síma til samskipta á milli funda. Stjórnarfundurinn í apríl 2014 fór í að undirbúa vinnufundinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka sem var haldinn 2. júní 2014. Stjórnin var í tölvusamskiptum fyrir þann fund vegna undirbúnings. Erfiðlega gekk að ná stjórninni saman til fundar um hustið 2014 þar sem að veikindi voru í leikskólunum og stjórnarmenn áttu ekki heimangengt. Stjórnin sendi Gátlista frá vinnufundinum sem var haldinn 2. júní 2014 á milli sín í tölvupósti og vann þá þannig. Nokkrir leikskólar reyndu gátlistanna og þeir voru sendir út með aðalfundaboðinu núna 2015 og eru þið beðin um að gera athugasemdir við þá þegar þið eruð búnar að reyna þá í ykkar leikskóla. Þannig teljum við að best sé að vinna þá. Að allir komi að þeim og hjálpist við að gera þá að því verkfæri sem þeim er ætlað.

Á stjórnarfundinum 7. janúar 2015 kom fram að þeir leikskólar sem voru að taka þátt í verkefninu Heilsueflandi leikskólar á vegum Embætti Landlæknis voru orðnir ráðviltir varðandi það hvort munur væri á heilsueflandi leikskólum og Heilsuleikskólum sem starfa eftir stefnu Unnar Stefánsdóttur.

Stjórn Samtaka Heilsuleikskóla telur að augljós munur sé á heilsueflandi leikskólum og leikskólum sem starfa eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur er ein leið til þess að vinna með heilsueflingu í leikskólastarfinu. Leikskólar sem starfa eftir stefnu Unnar nota Heilsubók barnsins. Heilsubókin er leiðarvísir að því starfi sem þarf að vera í leikskólanum til þess að hann geti kallað sig Heilsuleikskóla sem starfar eftir stefnu Unnar Stefánsdóttur. Fyllt er í bókina tvisvar á ári og foreldraviðtöl eru í kjölfarið. Vinna verður að áherslum Heilsustefnunnar allt árið í starfinun með börnunum. Lögð er áhersla á næringu, hreyfingu og listsköpun í leikskólastarfinu. Ásamt því að leikskólarnir vinna eftir aðalnámskrá leikskóla og lögum og reglugerðum um leikskóla. Markmið Heilsuleikskóla sem starfa eftir stefnu Unnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.

Góð byrjun til þess að skerpa á stefnunni er að innan hvers leikskóla sé talað um hlutverk Heilsubókarinnar. Rætt um mikilvægi þess að hver leikskóli fari yfir það með deildarstjórum og starfsfólki hvernig merkja á við í Heilsubókina. Mikilvægt er að samræma það innan hvers

Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2014 – 2015

leikskóla. Rætt um mikilvægi þess að halda námskeið fyrir deildarstjóra og starfsfólk í því hvernig á að merkja/færa inn í Heilsubók barnsins. Ákverðið var að bjóða uppá námskeið núna í september 2015 og verður Sigrún Hulda Jónsdóttir með námskeiðið. Stjórnin telur að það sé nauðsynlegt að útbúa námskeiðspakka fyrir starfsfólk Heilsuleikskóla. Þá geta leikskólarnir pantað námskeið í því hvernig best er að fylla inn í Heilsubók barnsins og Ungbarnaheilsubókina. Leikskólarnir geta þá fengið námskeið um Heilsubók til sín á skipulagsdegi, starfsmannafundi eða þegar þurfa þykir.

Fjöldi Heilsuleikskóla - nýir Heilsuleikskólar og Leikskólar á Heilsubraut

Í dag hafa 25 leikskóli fengið viðurkenningu sem Heilsuleikskóli. Þróun Heilsustefnunnar í íslenskum leikskólum spannar 16 ára tímabil, frá fyrsta heilsuleikskólanum 1996 til ársins 2013, en þá var síðasta leikskólanum veitt vígsla. Enn eru leikskólar á Heilsubraut, sem bíða eftir formlegri viðurkenningu sem Heilsuleikskólar.

Urðarhóll í Kópavogi 1996
Krókur í Grindavík 2003
Garðasel á Akranesi 2004
Heiðarsel Reykjanesbæ 2004
Suðurvellir í Vogum 2005
Árbær í Árborg 2007
Krógaból á Akureyri 2007
Krakkakot á Hornafirði 2008
Laufás á Þingeyri 2008
Kór í Kópavogi 2008
Fálkaborg í Reykjavík 2009
Bæjarból í Garðabæ 2010
Háaleiti í Reykjanesbæ 2010
Hamravellir í Hafnarfirði 2010
Brimver á Eyrarbakka 2010
Æskukot á Stokkseyri 2010
Kæribær á Klaustri 2010
Holtakot á Álftanesi 2011
Skógarland á Egilsstöðum 2012
Álfasteinn í Hörgársveit 2012
Garðasel í Reykjanesbæ 2012
Fífusalir í Kópavogi 2013
Heklukot á Hellu 2013
Ársól í Reykjavík 2013
Andabær á Hvanneyri 2013

Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2014 – 2015

Leikskólar á heilsubraut

Leikskólinn Krílakot og Kátakot á Dalvík

Leikskólinn Brekkubær á Vopnafirði

Leikskólinn Krílabær Raufarhöfn

Við bjóðum þessa leikskóla hjartanlega velkomna í Samtök Heilsuleikskóla og ég veit að þeir eiga eftir að bæta hópinn.

Framtíðarsýn / Næstu verkefni:

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru **Heilbrigði og velferð** skilgreind sem einn af sex grunnþáttum menntunar sem leikskólar eiga að hafa að leiðarljósi og innleiða í öllu sínu starfi. Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur er ein leið til þess að vinna með heilsueflingu í leikskólastarfi. Heilsuleikskólar sem starfa eftir stefnu Unnar vinna áfram að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu. Hlutverk Samtaka Heilsuleikskóla er að gæta hagsmuna heilsuleikskóla, efla samheldni þeirra og skapa vettvang til fræðslu og skoðanaskipta.

Verkefnin á næsta starfsári eru: Að setja viðmiðunarmatseðla á Heimasíðu Samtaka

Heilsuleikskóla: heilsustefnan.is og bjóða Heilsuleikskólum uppá námskeið, hvernig á að fylla inn í Heilsubók og hvernig vinna ber að Viðmiðum og Áherslum Heilsustefnunnar.

Skráning í Heilsubók barnsins og Ungbarnaheilsubókina á að vera lifandi allt skólaárið innan Heilsuleikskólanna. Þannig að barnið hafi tileinkað sér færni í daglegu starfi og Heilsustefnan skili sér til allra barna í leikskólanum.

Gera Heilsubók barnsins og Ungbarna - Heilsubókina þannig að hægt sé að fylla inn í þær rafrænt. Að hægt sé að vinna með þær í Ípad og tölvum.

Stöðugt þarf að uppfæra og skoða Viðmið og Áherslur stefnunar þannig að Heilsustefna Unnar Stefánsdóttir þróist áfram í takt við samfélagið, lög um leikskóla, aðalnámskrá fyrir leikskóla, reglugerðir um leikskóla og standis þær kröfur sem gerðar eru til leikskólastarfs á Íslandi. Heilsubók barnsins og Heilsubók fyrir ung börn þurfa að vera í stöðugri endurskoðun. Heimasíða samtakanna þarf að vera skýr og aðgengileg, jafnt fyrir foreldra, Heilsuleikskóla, almenning og fræðimenn.

Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2014 – 2015

Stjórnarkjör Samtaka Heilsuleikskóla:

Kjósa á formann og varaformann Samtaka Heilsuleikskóla á hverju ári.

Kristín Eiríksdóttir formaður og Berglind Grétarsdóttir varaformaður Samtaka Heilsuleikskóla gefa kost á sér áfram starfsárið 2015 til 2016.


Kristín Sigurbergisdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Bæjarbóli í Garðarbæ er gjaldkeri Ólöf Guðmundsdóttir aðstoðarleikskólastjóri leikskólanum Heiðarseli Reykjanesbæ er ritar, Sigrún Hulda Jónsdóttir er meðstjórnandi Samtaka Heilsuleikskóla. Þær gefa kost á sér áfram í stjórn Samtaka Heilsuleikskóla.

M. Sigríður Jakobsdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Brimveri á Eyrarbakka og Heilsuleikskólanum Æskukoti á Stokkseyri er varamaður í stjórn. Sigríður er að fara í eins árs leyfi og gefur ekki kost á sér áfram í stjórn Samtaka Heilsuleikskóla.

Gestur fundarins er Sigríður Birna Birgisdóttir sem útskrifast nú í annað sinn með M.ed gráðu frá Háskóla Íslands. Leitað er afbrigða við dagskrá fundarins að Sigríður segi frá M.ed rannsókn sinni sem ber heitið: Innleiðing Heilsustefnunnar í leikskóla og áhrif þess á faglegt lærdómssamfélag, hér á eftir klukkan 12:30 í matarhléi fundarins.

Ég vísa eftirfarandi umræðuefni undir liðnn Önnur mál:

1. Dagsetningu og staðsetningu næsta aðalfundar
2. Gjald vegan aðildar og árgjald
3. Gátlistar og matseðlar
4. Námskeið, hvernig á að fylla inn í Heilsubók barnsins og Ungbarnaheilsubókina
5. Heilsubókin að það verði hægt að fylla inn í Heilsubókina rafrænt
6. Hvernig er haldið uppá afmæli í Heilsuleikskólum
7. Glærur með kynningu á Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur



Kristín Eiríksdóttir

Formaður Samtaka Heilsuleikskóla